

því að rjúfa tímans eilífu lög. Framför er ekki alt sem sýnist. Eins er það þegar um framför ræðir nú á tíma.

Margir álíta þeir sé að taka sporin áfram og uppávið í andlegum efnum, þegar þeir leggja trúna á þau atriði milli hluta, og er sama hvort þeir segja „eg trú“ eða „eg trú ekki,“ er helzt virðist orðið eftir tíma. Svo létt er ekki sporið uppávið. Þá væri vindurinn, er blæs í dag á vestan á morgun á austan, ímynd framfaranna hér í heimi, framfara guðinn. Þá væri flustráíð er æpir í næturvindinum, jafnt hvaðan sem vindurinn blæs, hans spámaður; þá væri aumínginn og hálfvitinn, sem fæðist í heiminn, mönnunum bætandi fyrirmynd. Maðurinn eða þjóðirnar er missa sannfæringuna og líka eru að halda áfram að vísu en ekki uppávið. Þær eru að halda áfram eins og maðurinn er heldur áfram út í hringiðuna og týnir sér. Það er að segja, tíminn knýr þær áfram en ekki lengur vilji og atgjörfi.

En svo er til eitt áframhald enn, er miða virðist líka niðurávið. Það segir frá því í Dómarabókunum að Jósúa blés um Jeríkó borgarveggi með lúðri sínum, er var hrútshorn, og samman kallaði alla Ísraels menn til orrustu með hrútshorni og stefndi þeim áfram. Ennfremur segir frá því, að hann hafi stöðvað sólina svo sigurinn yfir óvininum yrði rekinn áfram. Sögur þessar eru þjóðsögur, vér vitum það öll, en þó hafa þær sitt líkingagildi.

Vér tölum um raust tímans, um tímans mál, um tímans kall. Það er, hverju nafni sem það er nefnt, framsóknar hvöt hverra tímamóta. En framsóknin er eins og vér gátum um áðan, ýmist uppávið eða ofanímoti. Raddirnar er tíma niðtin tala eru því alls ekki allar eins. Enda heyra menn þær ærið misjafnt. Þær taka fleiri stigbreytingum en sjáfarniðurinn í eyrum skáldsins, er stundum hjúfrar sig eins og hlátur eða stynur sem grátur. Þær hrópa til allrar tilveru mannsins, sem sigurlag, sem herhvöt, samvizku mál, sem vonarlag, með skærum tónum. Og þeir sem heyra þær raddir er tala fyrir ofan þá og kalla þá ofar, þeir menn keppa áfram og uppávið. Hvort heldur það er presturinn Brandur í sjónleik Ibsens eða Channing og Clarke á sjónarsviði mannlegs lífs. Hvort heldur það er